Nr. 724 11. ágúst 2009

# AUGLÝSING

**um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.**

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulag iðnaðarsvæðis/gámasvæðis við Seyðishóla.*
   Í deiliskipulaginu er mörkuð 6.888 m² lóð fyrir sorpmóttöku og 7.900 m² iðnaðarlóð. Heimilt verður að byggja allt að 400 m² aðstöðuhús/vélageymslu innan gámasvæðisins og 1.200 m² aðstöðuhús/vélageymslu á iðnaðarlóðinni.
   Samþykkt í sveitarstjórn 7. maí 2009.

2. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar við Garðarsbraut í landi Vatnsholts.*
   Í breytingunni felst að lóðum fækkar um sjö þar sem svæðið er blautt og hentar ekki til bygginga nema næst veginum. Einnig breytast götuheiti, húsnúmer og stærðir lóða.
   Samþykkt í sveitarstjórn 2. apríl 2009.

3. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar úr landi Reykjaness.*
   Breyting á skilmálum svæðisins á þann veg að nýtingarhlutfall lóðar verði 0,03, þar af má aukahús vera 40 m².
   Samþykkt í sveitarstjórn 2. júlí 2009.

4. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðarinnar við Efri-Markarbraut, Höfðabraut og Tóftabraut í landi Vaðness.*
   Breyting á skilmálum svæðisins á þann veg að nýtingarhlutfall lóðar verði 0,03, þar af má aukahús vera 40 m².
   Samþykkt í sveitarstjórn 7. maí 2009.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 11. ágúst 2009.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 25. ágúst 2009